

## REGLUR

### um almenna skoðun ökutækja.

#### 1. gr.

Ökutæki skráð hér á landi skal færa til almennrar skoðunar samkvæmt því sem segir í reglum þessum, þannig að ganga megi úr skugga um hvort þau séu í lögmæltu ástandi.

#### 2. gr.

Eftirtalin ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun, frá og með næsta ári eftir skráningu:

- a. Bifreiðir til annarra nota en fólksflutninga.
- b. Hópbifreiðir.
- c. Leigubifreiðir til mannflutninga.
- d. Bifreiðir, sem ætlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án ökumanns.
- e. Kennslubifreiðir.
- f. Lögreglu-, sjúkra- og björgunarbifreiðir.
- g. Létt bifhjól.
- h. Eftirvagna (tengi- og festivagna), sem eru meira en 1500 kg að leyfðri heildarþyngd.

#### 3. gr.

Aðrar bifreiðir en greinir í a-f- lið 2. gr., svo og bifhjól, önnur en létt bifhjól, skal skoða árlega almennri skoðun frá og með þriðja ári eftir að ökutækið var skráð nýtt fyrsta sinni.

#### 4. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær ökutæki skuli færð til almennrar skoðunar samkvæmt reglum þessum, og er eiganda (umráðamanni) þá skylt að færa ökutækið til skoðunar.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur um almenna skoðun ökutækja, nr. 805 29. desember 1983.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. maí 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um dómsmálagjöld o. fl., nr. 585

23. desember 1987.

#### 1. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

1. Almenn bifreiðstjóraþróf	900
2. Próf í akstri bifhjóla	900
3. Próf í akstri léttra bifhjóla	500
4. Próf í akstri torfærutækja	500
5. Próf í akstri dráttarvéla	500
6. Ökukennarapróf	3 600

## 2. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Bráðabirgðaökuskírteini	600
2. Ökuskírteini bifreiðastjóra (fullnaðarskírteini), að 65 ára aldri	1 500
3. Ökuskírteini bifreiðastjóra, 65 ára og eldri	600
4. Ökuskírteini til að stjórna bifhjóli	1 500
5. Ökuskírteini til að stjórna léttu bifhjóli	500
6. Ökuskírteini til að stjórna torfærutæki	500
7. Ökuskírteini til að stjórna dráttarvél	500
8. Alþjóðlegt ökuskírteini	900
9. Löggilding ökukennara	1 000
Sama gjald skal greiða fyrir samrit.	

## 3. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein, 10. gr. a, svo hljóðandi:

Fyrir skráningu ökutækja skal greiða sem hér segir:	kr.
1. Skráning bifreiðar, nýskráning	2 900
2. Skráning bifreiðar, umskráning	4 300
3. Skráning eigendaskipta að bifreið	1 500
4. Skráning bifreiðar til notkunar um stundarsakir, fyrsta skráning	2 900
5. Skráning bifreiðar til notkunar um stundarsakir, framlenging	1 500
6. Skráning bifhjóls, nýskráning	2 900
7. Skráning bifhjóls, umskráning	4 300
8. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	1 500
9. Skráning og umskráning léttis bifhjóls	1 100
10. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	1 100
11. Skráning og umskráning torfærutækis	1 100
12. Skráning eigendaskipta að torfærutæki	1 100
13. Skráning og umskráning dráttarvélar	1 100
14. Skráning eigendaskipta að dráttarvél	1 100
15. Skráning og umskráning eftirvagns	1 500
16. Skráning eigendaskipta að eftirvagni	1 500
17. Skráning og umskráning tengitækis	1 500
18. Skráning eigendaskipta að tengitæki	1 500

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 52. og 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 2. júní 1988.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði 3.—7. tölul. 2. gr. og 9.—23. tölul. 3. gr. reglugerðar um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 594 28. desember 1987, svo og 2. mgr. 6. gr. reglna um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi, nr. 246 5. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 453 31. desember 1976.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. maí 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*